Fiski - Rannsóknir - Ráðgjöf
Jón Kristjánsson, desember 2014

Laxá á Ásum
Rannsókn á seiðabúskap 13-14. september 2014

Inngangur

Sumarið 2014 var votviðrasamt V- og NV- lands og mikið vatn í ám. Laxá var þar engin undantekning og þurfti að bíða fram í september þar til unnt var að gera seiðaransókn í ánni. Þegar rannsóknin fór fram var fremur mikið vatn í ánni en slíkt hefur áhrif á seiðamælingar þannig að seiði veiðast verr en í litlu vatni. Laxaafli var óvenju lítill sunnan- og vestanlands og einkenndist af hærra hlutfalli af stórlaxi en venjulega. Minnkun laxgengdar stafar í vanhöldum á smálaxinn, sem gekk sem seiði til sjávar 2013. Virkjunin með tilheyrandi vatnsmiðlun, var ekki í gangi sumarið 2014, í fyrsta sinn í áratugi og því var þrefalt rennsli í ánni frá rafveituskurði að stíflu við Laxárvatn miðað við það sem áður var.
Þvert ofan í áætlanir var virkjunin sett í gang aftur nokkru eftir að veiðitíma lauk.

Niðurstöður


Tafla 1 sýnir fjölda laxaseiða á þeim 5 stöðvum sem veitt var á og fjöldi urriða er sýndur í töflu 2.

Stöð	Nafn	Dags	Stærð	Aldur								Samtals	Þéttleiki
Nr.				0+		1+		2+		3+			Fj./100 m²
			m²	no	ml	no.	ml	no	ml	no.	ml		
1	Skotti	13/9	50	5	4.6	1	5.8	14	7.9			20	40
2	400 m neðan Skotta	13/9	30	12	4.2	5	6.6	5	9.4			22	73
3	Ofan Mánafoss	13/9	50	4	4.3	9	6.1	5	7.6	1	9.5	19	38
4	Neðan Krókhyls	14/9	60	26	3.9	3	7.3	3	9.3			32	53
5	Holt	14/9	60	41	4.1	7	6.9	2	12.4			50	83
	Samtals:		250	83	4.1	24	6.7	15	9.7	1	9.5	123	49
	Fjöldi/100 m²			33		10		6		1			


Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 1-5 í Laxá á Ásum 2014

Stöð	Nafn	Dags	Stærð	Aldur						Samtals	Þéttleiki
Nr.				0+		1+		2+			Fj./100 m²
			m2	no	ml	no.	ml	no	ml		
1	Skotti	13/9	50			1	7	4	8.0	5	10
2	Milli Mána og Skotta	13/9	30	3	4.9	2	6.7			5	17
3	Ofan Mánafoss	13/9	50	3	4.2	2	7.5			5	10
4	Neðan Krókhyls	14/9	60	3	4.1	4	10.8			7	12
5	Holt	14/9	60	13	5.7					13	22
	Samtals:		250	22	4.7	9	8	4	8	35	14
	Fjöldi/100m²			9		4		2			

Tafla 2. Fjöldi veiddra urriðaseiða í einni yfirferð á stöðvum 1-5 í Laxá á Ásum 2014



Mynd 1. Lengdardreifing urriðaseiða í Laxá á Ásum 2014.
Alls veiddust 35 urriðaseiði, helmingurinn 0+. Urriðaseiði halda sig almennt undir bökkum en nær ekkert finnst úti í ánni. Þar eru laxaseiði alls ráðandi.



Mynd 2. Samanburður á fjölda veiddra laxaseiða 2013 og 2014. Bæði gröfin eru í sama skala til að auðvelda samanburð. Sjá má að miklu meira er af smáseiðum 2014 er 2013. Fjöldi seiða > 5 cm 2014 er hins vegar minni.

Ástand og fjöldi seiða á einstökum veiðistövum

Stöð 1. Skotti

Skotti er um 900 m neðan við Langhyl. Áin er nokkuð breið á þessum stað og þarna er mjög haganlegur og rétt gerður þröskuldur, vaffið vísar upp, hann er lægstur í miðjunni og grefur hyl fyrir neðan, sem myndar veiðistað. Þessi gerð er nefnd eftir Øyvind Vasshaug, norskum fiskifræðingi, sem hugmyndina að þessari gerð. Þess má geta að margir svona sökklar eru í Lærdalsá, einni frægustu laxveiðiá Noregs. Þarna var mikið af stórum seiðum og slæðingur af 0+ seiðum. Mjög gott ástand.



Mynd 3. Skotti



Mynd 4. Seiði úr Skotta, urriðar neðst til hægri.

Stöð 2. 400 m neðan við Skotta

Fremur fínn botn með miklum flóka á steinum. Mikið af seiðum af öllum árgöngum, ágætt ástand.



Mynd 5. Seiði úr stöð 400 m neðan Skotta. Urriðaseiði neðst.

Stöð 3. Ofan við Mánafoss.


Grófur og stórsteinóttur botn, mjög mikið slý og botninn sleipur. Mikill straumur enda er komið fullt rennsli sem ekki hafur verið um ára bil. Þetta gerir að verkum að erfitt er að veiða og miklu minna fæst af seiðum en undanfarin ár. Það þýðir þó ekki endilega að magnið sé neitt minna miðað við lengdarmeter í ánni. Fremur lítið fannst af seiðum og voru þau aðallega upp við landið. Seiði fundust af öllum aldurshópum, mest var af eins og tveggja ára gömlum seiðum.



Mynd 6. Seiði ofan við Mánafoss, urriðar lengst til hægri.

Stöð 4. Neðan við Krókshyl.

Hér var ágætt af seiðum, mjög mikið af 0+ en færri stór. Undir bökkunum var nokkuð af urriðaseiðum og talsverður Flóki var í botni. Flóki eru kísilþörungar, sem mynda stundum breiður líka bómull og eru áraskipti af því hve mikið er af honum. Ekki er vitað hvað stjórnar útbreiðslu hans né hve mikil áhrif hann hefur á seiðaframleiðslu. Á löngum tíma getur hann útrýmt mosagróðri og einkennisdýr fyrir flókasvæði eru örsmáir vatnabobbar og er það eina fæðan sem finnst í mögum seiða sem lifa á flókasvæðum.



Mynd 7. Seiði frá Krókshyl, stór urriðaseiði undan bökkunum til hægri.

Stöð 5. Holt

Yfirdrifið af 0+ seiðum en lítið af stærri seiðum. Helmingi fleiri 0+ veiddust m.v. sl. 2 ár en 1+ og stærri voru helmingi færri)




Mynd 8. Seiði frá Holti, urriðar efst til hægri. 0+ laxaseiði um 4 cm löng eru yfirgnæfandi.

Ár	Fjöldi seiða á 100 m²				
Aldur:	0+	1+	2+	3+	Samt
00	2	4	2		9
01	9	6	5		21
02	2	4	3	1	10
03	8	7	1		16
04	9	9	3		21
05	20	5	2		27
06	14	13	3		30
07	30	11	7	1	49
08	32	9	4	1	46
09	14	16	9	1	40
10	64	13	10		88
11	41	13	7	1	62
12	16	10	4	1	31
13	9	19	10	6	43
14	33	10	6	1	49

Tafla 3. Þróun á mældum seiðaþéttleika í Laxá á Ásum frá árinu 2000.

Þróun á seiðaþéttleika frá 2000


Þetta sést í töflu 3 og á mynd 9. Vorgömlum seiðum (0+) hefur fjölgað mikið seinni hluta tímabilsins, en fjöldi eins og tveggja ára seiða haldist nokkuð stöðugur frá 2007.



Mynd 9. Þróun í fjölda seiða frá 2000. Bláa línan sýnir 0+, græn lína 1+ og sú rauða sýnir tveggja ára seiði

Veiðin 2014

1006 laxar veiddust 2014 og þar af var 766 sleppt aftur í ána eða 76%. Engar upplýsingar eru til um hve margir laxar veiddust tvisvar eða oftar, þess vegna gefur veiðin ekki rétta mynd af göngunni.
Verði sleppingum haldið áfram er mjög mikilvægt að merkja laxa til að fá hugmynd um endurheimtuhlutfall. Best væri að merkja um 100 laxa strax í upphafi veiðitímabils.
Veiðin í nágrannaánum 2014 var svipuð og í Laxá. Þetta sést á mynd 10.



Mynd 10. Laxveiði í Víðidalsá, rautt, Vatnsdalsá, grænt, Laxá á Ásum, blátt frá 1974. Greinilegar samstíga reglulegar sveiflur eru í veiðinni með toppum árin 1978, 1987 og 1994. Lægð verður í öllum ám 2001 en síðan riðlast reglusemin. Laxá á Ásum hefur risið úr lægðinni og er nú komin upp fyrir hinar tvær í fyrsta sinn frá 1996.

Virkjun og vatnsmiðlun

Í fyrsta sinn í áratugi var fullt rennsli í Laxá þar sem virkjunin starfaði ekki, en það liggur fyrir að rekstri hennar verði hætt. Stíflan í Laxárvatni er komin að fótum fram og stendur til að endurnýja hana þannig að ósinn verði gerður sem náttúrulegastur. En þvert á allar áætlanir var virkjunin gangsett fljótlega eftir að veiðitíma lauk og er nú aftur komið lágmarksrennsi á kaflann frá Laxárvatni niður að skurði. Mér er ekki kunnugt um hvers vegna það var gert eða hvert framhaldið verður.



Mynd 11. Gamla stíflan í Laxárvatni 14. september 2014.

Ekki er nokkur vafi á að þurrkun þessa svæðis í vatnslitlum og köldum árum hefur haft mikil áhrif til hins verra á seiðaframleiðslu svæðisins, auk þess sem Langhylur hefur fyllst af seti á seiðaframleiðslu svæðisins, auk þess sem Langhylur hefur fyllst af seti á þessum langa tíma straumleysis.

Svæðið frá Laxárvatni er stærsta framleiðslusvæði árinnar, svo rýrnun framleiðslu þess hefur mikil áhrif á laxagegnd. Auk þess verður framleiðslusvæðið minna að flatarmáli, sem aftur kemur niður á plöntu- og smádýra framleiðslu og þar með fæðugrundvöll seiðanna.

Ég tel því ákaflega mikilvægt að staðið verði við fyrirhugaða lokun virkjunarinnar og lagfæringu á gamla ósnum.

Laxastiginn

Ég skoðaði laxastigann um miðjan september og sýndist mér hann vera ófær laxi. Eftir að vatnið fór á yfirfall vegna lokunar virkjunarinnar og í þeirri miklu úrkomu sem var sumarið 2014 var þess ekki gætt að takmarka rennslið inn í stigann með lóðréttum borðum þannig að hann varð ein beljandi froða. Froðan er loft, sem gefur litla viðspyrnu þannig að stiginn hlýtur að hafa verið meir og minna illfær laxi.



Mynd 12. Laxastiginn 14. september. Sennilega ófær